

# ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 63/2020

frá 30. apríl 2020

## um breytingu á IX. viðauka við EES-samninginn (Fjármálaþjónusta)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/843 frá 30. maí 2018 um breytingu á tilskipun (ESB) 2015/849 um ráðstafanir gegn því að fjármálakerfið sé notað til peningaþvættis eða til fjármögnunar hryðjuverkastarfsemi og um breytingu á tilskipunum 2009/138/EB og 2013/36/ESB <sup>(1)</sup>.
- 2) IX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

*1. gr.*

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á IX. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirlið er bætt við 1. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB) og 14. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB):

„– **32018 L 0843**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/843 frá 30. maí 2018 (Stjtið. ESB L 156, 19.6.2018, bls. 43).“

2. Eftirfarandi er bætt við lið 23b (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/849):

„, breytt með:

– **32018 L 0843**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/843 frá 30. maí 2018 (Stjtið. ESB L 156, 19.6.2018, bls. 43).“

3. Eftirfarandi aðlögunartexta er bætt við lið 23b (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 2015/849) á eftir aðlögunartexta a):

„b) Í fyrstu málsgrein 67. gr. koma orðin „innan níu mánaða frá gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 63/2020 frá 30. apríl 2020“ í stað orðanna „fyrir 10. september 2020“, að því er varðar EFTA-ríkin.“

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 156, 19.6.2018, bls. 43.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar (ESB) 2018/843, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. maí 2020, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 30. apríl 2020.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar*

**Clara Ganslandt**

*formaður.*

#### **Yfirlýsing EFTA-rikkanna**

#### **vegna ákvörðunar nr. 63/2020 um að taka tilskipun (ESB) nr. 2018/843 upp í EES-samninginn**

Í tilskipun (ESB) 2018/843 er að finna ákvæði með tilvísunum til gerða sem hafa verið samþykktar samkvæmt V. bálki Sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins. Minnt er á að upptaka gerða með slík ákvæði í EES-samninginn er með fyrirvara um þann skilning að löggjöf ESB, sem samþykkt er samkvæmt V. bálki Sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, falli utan gildissviðs EES-samningsins.

---

(\*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.